

Stjórnarfundur FEB nr. 443 Þriðjudagur 25.2.2020 kl. 9:30

Mætt.: Sigríður Snæbjörnsdóttir, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Kári Jónasson, Róbert Bender, Sjöfn Ingólfssdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Ólafur Örn Ingólfsson sem ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkv. stj. og Jóhanna Ragnarsdóttir skrifstofustjóri.

Fjarverandi: Ellert B. Schram

Dagskrá:

1. Fundargerð nr. 442 borin upp og samþykkt

2. Lagabreytingar

Finnur fór yfir tillögur um lagabreytingar sem lagðar verða fyrir aðalfund til samþykktar. Skoða þarf betur ákvæði um endurskoðun og fresta að leggja fyrir nú. Sérstakur fundur var haldinn um fyrirhugaðar lagabreytingar samkv. lögum félagsins. Samþykkt að fela Finni að stýra laganefnd vegna frekari breytinga sem gera þarf á lögum félagsins í framhaldi af næsta aðalfundi.

3. Raunverulegir eigendur

Farið yfir stöðu undirskrifa vegna raunverulegra eigenda. Málið klárað á tilsettum tíma.

4. Kvörtun til Neytendastofu

Samþykkt fyrirleggjandi drög að bréfi Daða lögfræðings vegna kvörtunar til Neytendastofu. Ítrekuð fyrri afstaða stjórnarinnar til málsins.

5. Hugsanleg málshöfðun

Gerð grein fyrir stöðu mála vegna hugsanlegrar málshöfðunar á hendur félaginu. Málið hefur sinn gang.

6. Stærð salar fyrir aðalfund

Gert er ráð fyrir að aðsókn á aðalfund geti orðið sérstaklega góð m.a. vegna fjölda framboða til formanns og stjórnar. Einnig er gert ráð fyrir góðri mætingu íbúðarkaupenda í Ársskógum en kynna á skýrslu Deloitte á fundinum. Rætt um möguleika á að leigja stærri sal. Samþykkt að halda óbreyttri stefnu í bili.

7. Önnur mál

Þorbjörn sagði frá aðalfundi húsfélagsins í Ársskógum sem gekk vel.

Fundi slitið kl. 11.35

ÓÖI

Sjöfn Ingólfssdóttir
Róbert H. Bender
Ellert B. Schram
Guðrún Árnadóttir
Finnur Birgisson
Ólafur Örn Ingólfsson